Nr. 19.
20.
október.

# Lög
um
## byggingarsamþykktir.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Byggingarsamþykkt má gjöra fyrir löggilta verzlunarstaði hjer á landi.

2. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður hreppsfjelag fyrir sig, og semur þá hreppsnefndin byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstaðinn og sendir hana síðan sýslunefnd, er tekur hana til umræðu á næsta sýslufundi. Samþykki sýslunefnd samþykktina óbreytta, sendir oddviti sýslunefndarinnar hana þá þegar til stjórnarráðsins. Gjöri sýslunefnd breytingar á samþykkt hreppsnefndar, skal leggja breytingarnar fyrir hreppsnefndina; verði breytingarnar eigi samþykktar af hreppsnefnd, skal senda samþykktina eigi að síður til stjórnarráðsins. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktar, og skal þá leggja þær breytingar fyrir hreppsnefnd; samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykkt óbreytta eins og hún er frá hreppsnefnd og sýslunefnd eða frá hreppsnefnd, ef nefndirnar hafa ekki orðið á eitt sáttar um hana, nema einhver ákvæði hennar sje lögum gagnstæð.

3. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður ekki sjálfstætt sveitarfjelag, heldur hluti af hreppsfjelagi, og skal þá hreppsnefnd semja byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstaðinn, ef meiri hluti íbúa hans, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, æskja þess, að byggingarsamþykkt komist á fyrir hann. Ef enginn, eða eigi fleiri enn einn af íbúum verzlunarstaðar, á sæti í hreppsnefnd, skal kveðja tvo af íbúunum, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa, til þess að taka sæti í hreppsnefnd meðan samþykktin er samin, og hafa þeir jafnan atkvæðisrjett sem aðrir hreppsnefndarmenn.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 19.
20.
Oktober.

om

## Bygningsvedtægter.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For de autoriserede Handelssteder her i Landet kan der affattes Bygningsvedtægter.

§ 2.

Hvis et autoriseret Handelssted udgør en særskilt Kommune, affatter Repsforstanderskabet en Bygningsvedtægt for Handelsstedet; denne bliver derefter at tilstille Sysselforstanderskabet, som tager den under Behandling i sit næste Møde. Vedtages den der uforandret, bliver den af Sysselforstanderskabets Formand straks at indsende til Ministeriet. Bliver den derimod forandret af Sysselforstanderskabet, skal Ændringerne forelægges Repsforstanderskabet; bifalder dette ikke de foretagne Ændringer, skal Vedtægten ikke desto mindre tilstilles Ministeriet. Hvis Ministeriet vil forandre enkelte Bestemmelser, skal disse Forandringer forelægges vedkommende Repsforstanderskab; bifalder dette ikke de foreslaaede Ændringer, bliver Vedtægten ligefuldt at stadfæste af Ministeriet uforandret, saaledes som den er fremgaaet fra Reps- og Sysselforstanderskabet eller fra Repsforstanderskabet, hvis Forstanderskaberne ikke have kunnet blive enige om dens Indhold, — medmindre den indeholder lovstridige Bestemmelser.

§ 3.

Hvis et autoriseret Handelssted ikke udgør en særskilt Kommune, men en Del af en saadan, skal Repsforstanderskabet affatte Bygningsvedtægt for Handelsstedet, hvis over Halvdelen af Stedets kommunale Vælgere ønske, at en saadan Vedtægt skal oprettes. Dersom ingen eller ikke flere end een af Stedets Indvaanere er Medlem af Repsforstanderskabet, skal de stemmeberettigede Indvaanere vælge to af deres egen Midte til at tage Sæde i Repsforstanderskabet, og deltage i Vedtægtens Affattelse, ved hvilke Forhandlinger de har lige Stemmeret med de ordentlige Medlemmer.

Nr. 19.
20.
október.

4. gr.

Þá er hreppsnefnd samkvæmt næstu grein hjer á undan hefur samið byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstað, skal samþykktin lögð fram til sýnis á hentugum stað í verzlunarstaðnum, eptir að það hefur birt verið með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á staðnum eða við kirkjufund. þá er samþykktin hefur legið frammi til sýnis í 14 daga, skal oddviti boða bæjarbúa á fund til að ræða samþykktina, og er hann fundarstjóri; á þeim fundi hafa einungis atkvæðisbærir bæjarbúar atkvæðisrjett. Á fundinum skal samþykktin rædd grein fyrir grein. Til þess að gjöra breytingar á einstökum ákvæðum hennar nægir meiri hluti atkvæða þeirra, sem greidd eru á fundinum. Að lokum skal samþykktin í heild sinni borin undir atkvæði, og verði hún þá samþykkt af $^3/_4$ hlutum fundarmanna skal hún send til sýslunefndar, að öðrum kosti er hún fallin í það sinn.

5. gr.

Ef byggingarsamþykkt er löglega samþykkt á þann hátt er segir í undanfarandi grein, skal hún tekin til umræðu á næstu sýslufundi; verði hún þar samþykkt óbreytt, skal hún send til stjórnarráðsins; en verði henni breytt á sýslufundi, skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi, verði breytingarnar samþykktar með meiri hluta aðkvæða, sbr. 4. gr., skal oddviti sýslunefndar senda samþykktina til stjórnarráðsins; verði breytingar sýslunefndar eigi samþykktar, skal sýslunefndaroddviti eigi að síður senda samþykktina ásamt útskript af fundargjörðunum til stjórnarráðsins. Fallist stjórnarráðið á samþykkt óbreytta, eins og hún er frá sýslunefnd og samþykkt af bæjarbúum, eða óbreytta eins og hún kom frá hreppsnefnd og bæjarbúum, er hún endileg. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktar, og skal þá bera þær breytingar undir almennan fund bæjarbúa á þann hátt, er fyr segir; samþykki fundurinn breytingarnar, staðfestir stjórnarráðið hana, en fáist ekki lögmætt samþykki fundarins, skal stórnarráðið eigi að síður staðfesta hana óbreytta, nema einhver ákvæði hennar sjeu lögum gagnstæð.

Staðfestar byggingarsamþykktir skal birta i B-deild stjórnartíðindanna.

6. gr.

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í verzlunarstöðum skuli stofnuð byggingarnefnd, og að í henni eigi sæti 5 menn.

Í löggiltum verzlunarstað, sem er hreppsfjelag fyrir sig, skal byggingarnefnd skipuð oddvita hreppsnefndarinnar sem formanni og 4 mönnum öðrum, er hreppsnefnd kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. En þegar samþykkt er sett fyrir verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skulu, auk oddvita hreppsnefndarinnar sem formanns, í byggingarnefnd sitja 2 menn, sem hreppsnefnd kýs af bæjarbúum, og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan hreppsnefndar, eru skyldir til að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir hreppsnefndarmenn samkvæmt sveitar-

§ 4.

Naar Repsforstanderskabet paa den i næst forudgaaende Paragraf angivne Maade har affattet en Bygningsvedtægt for et Handelssted, skal den fremlægges til Eftersyn paa et bekvemt Sted i Handelsstedet, efter en med 8 Dages Varsel stedfunden Bekendtgørelse ved Opslag paa Stedet eller ved et Kirkemøde. Naar Vedtægten saaledes har været til Eftersyn i 14 Dage, skal Repsforstanderskabets Formand indkalde Stedets Indvaanere til et Møde til at drøfte Vedtægten. Paa dette Møde, hvor Formanden for Repsforstanderskabet fungerer som Leder af Forhandlingen, have alene de kommunale Vælgere Stemmeret; Vedtægten skal derefter drøftes paragrafvis. Til at foretage Forandringer i Vedtægtens enkelte Bestemmelser er det tilstrækkeligt, at over Halvdelen af de afgivne Stemmer ere derfor. Tilsidst sættes Vedtægten i sin Helhed under Afstemning, og hvis den derved bliver vedtaget af $^3/_4$ Dele af de Mødende, skal den indsendes til Sysselforstanderskabet, i modsat Fald er den for den Gang bortfalden.

§ 5.

En paa den i foranstaaende Paragraf beskrevne Maade lovlig oprettet Vedtægt skal optages til Forhandling paa Sysselforstanderskabets næste Møde; bliver den der vedtaget uforandret, skal den indsendes til Ministeriet; hvis der derimod paa Mødet vedtages Forandringer, skal disse af Repsforstanderskabets Formand forelægges Stedets Indvaanere i et af ham indkaldt Møde; bifaldes de paa dette med kvalificeret Majoritet, jfr. § 4, skal Sysselforstanderskabets Formand indsende Vedtægten til Ministeriet; bifaldes de af Sysselforstanderskabet foretagne Ændringer derimod ikke, skal dettes Formand ligefuldt indsende Vedtægten til Ministeriet, tilligemed Udskrift af det i Møderne passerede. Bifalder Ministeriet Vedtægten uforandret, saaledes som den er fremgaaet fra Sysselforstanderskabet og vedtaget af Handelsstedets Indvaanere, eller uforandret saaledes som den er fremgaaet fra Repsforstanderskabet og Stedets Indvaanere, bliver den at stadfæste. Hvis Ministeriet vil forandre enkelte Bestemmelser, bliver disse Forandringer at forelægge Handelsstedets Indvaanere paa den foran beskrevne Maade; bifaldes disse paa Mødet, skal Vedtægten stadfæstes af Ministeriet; men hvis de ikke af Mødet bliver vedtagne paa lovlig Maade, skal den ligefuldt stadfæstes af Ministeriet uforandret, medmindre den indeholder lovstridige Bestemmelser.

Stadfæstede Bygningsvedtægter skal offentliggøres i Regeringstidendens Afdeling B.

§ 6.

I Bygningsvedtægter skal det bestemmes, at der i Handelsstedet skal oprettes en Bygningskommission bestaaende af 5 Medlemmer. I et autoriseret Handelssted, som udgør en særskilt Kommune, skal Bygningskommissionen bestaa af Repsforstanderskabets Formand som Formand og 4 andre af Forstanderskabet valgte Medlemmer, deraf to af dets egen Midte. Men naar en Vedtægt er oprettet for et Handelssted, som ikke er en særskilt Kommune, skal Kommissionen bestaa af Repsforstanderskabets Formand som Formand, tvende Medlemmer, som Forstanderskabet vælger blandt Handelsstedets Indvaanere, og tvende andre, der vælges af de stemmeberettigede Indvaanere. De af Medlemmerne, der vælges udenfor Repsforstanderskabet, ere pligtige at modtage Valget, dog gælder de samme Undskyldningsgrunde og den samme Begrænsning med Hensyn til Funktionstiden som for Medlemmerne af

Nr. 19. 20. október. stjórnarlögunum; um aukakosningar í byggingarnefnd gildir og hið sama sem um aukakosningar í hreppsnefndir.

Í samþykktum skal ennfremur ákveðið:

A. Að byggingarnefnd skuli svo fljótt sem verða má, láta gjöra reglulegan uppdrátt af staðnum með strætum og opnum svæðum, eins og hún hefir áður ákveðið þau.

B. Að nefndin hafi vald til að ákveða, að ef breikka þurfi stræti eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skuli sjerhver, sem eigi óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þyki, til þess að strætið verði nógu breitt, og að sá, er húsið á, skuli vera skyldur til, er hann endurbætir húsið, að færa það aptur á við, eins og þarf, hvorttveggja gegn endurgjaldi, er 2 dómkvaddir menn meta eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnum þeirri, er það hefur orðið fyrir við það, að af því hefur verið tekið, eða hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, er af þessu rís á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu hreppsþarfa, ef um verzlunarstað er að ræða, sem er hreppur fyrir sig. Ef hins vegar er að ræða um verzlunarstað, sem er eigi hreppur fyrir sig, skal byggingarnefndin jafna kostnaði þessum niður á útsvarsskylda menn og fyrirtæki í verzlunarstaðnum eptir efnum og ástæðum. Um framlagning niðurjöfnunar þessarar fer sem um niðurjöfnun aukaútsvara og má kæra yfir henni á sama hátt, þannig að byggingarnefndin leggur fyrst úrskurð á kæruna, og síðan sýslunefnd. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem matsmenn hafa ákveðið, getur hann heimtað yfirmat, enda greiði hann sjálfur kostnað við yfirmatið, nema endurgjaldið verði hækkað.

C. Að þegar byggt er nýtt hús, skuli ávallt vera 10 álna millibil milli þess og næsta húss, nema eldtraustur veggur, svo þykkur sem nefndin ákveður, sje á milli. Þó má byggja á þessu svæði grindur eða aðrar girðingar, er hæglega má brjóta niður.

D. Að byggingarnefnd hafi heimild til þess að heimta, þegar nýtt hús skal byggja, að uppdráttur af húsinu skuli lagður fram, og að henni sje heimilt að heimta þær breytingar á húsinu, er henni þykir ástæða til, svo og, að hún geti ákveðið, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sjer, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, sem henni þykir þörf á vera, eða brunaábyrgðarlög skipa fyrir um. Ennfremur að nefndin skuli hafa stöðugt gætur á, að ný hús sjeu byggð eins og hún hefur ákveðið, og hafi eptirlit með aðalviðgjörðum á þeim.

E. Að enginn megi byggja nýtt hús, eða láta framfara aðalviðgjörð á þeim, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi nefndarinnar.

F. Að ef nokkur byrji á húsasmíðum, áður en hann hafi fengið skriflegt leyfi nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en hún hefur ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 10—50 krónum, er renni í sjerstakan sjóð bæjarbúa, og að þar að auki megi rífa niður húsið, eða hluta af því, á kostnað eiganda, ef það er eigi byggt eptir þeim reglum, er nefndin hefur ákveðið, og að þeir sem byrja á aðalviðgjörð húss, áður en þeir hafa fengið leyfi nefndarinnar til þess, skuli sæta hinum sömu sektum.

Repsforstanderskabet i Henhold til Kommunalloven; om Suppleringsvalg til Bygningskommissionen gælder ogsaa det samme som med Hensyn til Suppleringsvalg til Repsforstanderskabet. Nr. 19. 20. Oktober.

I Vedtægten skal endvidere bestemmes:

A. At Bygningskommissionen skal snarest muligt lade optage et regulært Kort over Stedet med Anførelse af de af den bestemte Gader og Torve.

B. At Kommissionen har Myndighed til at bestemme, at naar det til større Sikkerhed i Henseende til Ildsvaade eller for at skaffe en bekvemmere Færdsel er nødvendigt, at en Gade gives større Bredde eller en ældre Bygning rykkes ind, da skal enhver, som har en ubebygget, til Gaden stødende Plads, være pligtig at afstaa saa meget af denne sin Grund, som anses fornøden, til at give Gaden den behørige Bredde, ligesom ogsaa Ejeren af Bygningen skal ved Ombygning være pligtig at indrykke den efter Behov, begge Dele mod en Godtgørelse, som bliver at bestemme af to af Retten udmeldte Mænd i Forhold til hele Byggepladsens Størrelse og Værdi, og den Forringelse den ved Afstaaelsen og Indrykkelsen har lidt. De hertil medgaaede Udgifter udredes paa samme Maade som Udgifterne til den egentlige Kommunalforvaltning, hvis det drejer sig om et Handelssted, der udgør en særskilt Kommune. Hvis Talen derimod er om et Handelssted, der ikke udgør en særskilt Kommune, skal disse Udgifter af Bygningskommissionen paalignes bidragspligtige Personer og Foretagender paa Handelsstedet efter Formue og Lejlighed. Med Fremlæggelse af denne Paaligning forholdes paa samme Maade som med Hensyn til Paaligning af Ekstrabidrag, og paa samme Maade kan der føres Klage over den, saaledes at Klagen først afgøres af Bygningskommissionen, og derefter af Sysselforstanderskabet. Hvis vedkommende Grundejer eller Husejer er misfornøjet med den af Vurderingsmændene bestemte Godtgørelse, kan han forlange Overvurdering; Udgiften herved afholdes af ham selv, medmindre Godtgørelsen bliver forhøjet.

C. At der ved Opførelsen af en ny Bygning altid skal være et Mellemrum af 10 Alen til det næste Hus, medmindre en ildfast Gavl af en af Kommissionen fastsat Tykkelse anbringes derimellem. Dog kan der her opføres Stakitter, eller andre saadanne Indhegninger som hurtigt kan nedrives.

D. At Bygningskommissionen, naar en ny Bygning skal opføres, kan forlange, at Tegning af denne samtidig forelægges, og at den kan forlange de Forandringer i samme foretagne, som den anser for hensigtsmæsige, samt at den kan bestemme, at Huse bestemte til en med Ildfare forbunden Næringsdrift, skal opføres paa afsidesliggende Steder, eller da paa en saadan Maade, som af den findes forsvarlig, eller Brandforsikringsbestemmelser mulig bestemme. Endvidere at den skal have stadigt Tilsyn med, at alle nye Bygninger opføres paa den foreskrevne Maade, samt føre Opsyn med Hovedreparationer paa disse.

E. At ingen maa opføre et nyt Hus eller foretage Hovedreparationer paa ældre Bygninger, medmindre han iforvejen har dertil erhvervet Kommissionens skriftlige Tilladelse.

F. At dersom nogen begynder paa noget Bygningsarbejde, førend han dertil har erholdt Kommissionens skriftlige Tilladelse, eller bygger anderledes, end af den bestemt, da bør saavel han som vedkommende Mester bøde fra 10—50 Kroner til en særlig Kasse paa Stedet, og kan Bygningen derhos, eller Dele af denne, nedrives paa Ejerens Bekostning, saavidt den ikke er indrettet efter de af Kommissionen fastsatte Regler, samt at den, der begynder paa en Hovedreparation af en Bygning uden dertil at have erholdt Kommissionens Tilladelse, skal ikendes de samme Bøder.

Nr. 19. G. 20. október.

Að byggingarnefnd hafi vald til að semja sjerstaka reglugjörð um byggingu húsa, að því er snertir stærð herbergja, hæð undir lopt, útbúnað reykháfa, fjarlægð ofna frá þili og útbúnað í kringum þá — til þess að afstýra brunahættu — styrkleika innviða í húsum, ytri „klæðningu“ o. s. frv. Þó öðlast sú reglugjörð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefur samþykkt hana.

7. gr.

Byggingarnefndin skal halda sjerstaka fundarbók, er hún ritar í allar gjörðir sínar, og skal hún undirskrifuð við lok hvers fundar eða hverrar gjörðar af öllum viðstöddum nefndarmönnum; heimilt er þeim, sem eigi er samþykkur ályktuninni, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll innkomin brjef og brjefabók. Bækur þessar skulu kostaðar af hinum sjerstaka sjóði bæjarbúa, en ef hann hrekkur eigi til, þá af sveitarsjóði, eins þar sem verzlunarstaður er eigi sjerstakt hreppsfjelag.

8. gr.

Með mál um brot á samþykktum eptir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

G. At Bygningskommissionen har Myndighed til at affatte et særskilt Reglement for Huses Bygning, for saa vidt angaar Værelsernes Størrelse, deres Højde til Loftet, Skorstenes Indretning, Ovnes Afstand fra Væggen og Indretningen af deres nærmeste Omgivelser til Forebyggelse af Brandfare, det indvendige Tømmers Styrke, den ydre Beklædning m. v. Et saadant Reglement erholder dog først Gyldighed, naar det sanktioneres af Ministeriet.

§ 7.

Bygningskommissionen skal holde en særskilt Protokol, hvori alle dens Forhandlinger indføres; ved hvert Mødes eller Forhandlings Slutning, underskrives den af alle Kommissionens tilstedeværende Medlemmer, dog kan den, der ikke er enig i Beslutningen, lade Bogen tilføre sin afvigende Mening. Endvidere skal Kommissionen føre et Grundregister, Journal over indkomne Breve og en Kopibog. Omkostninger til disse Bøgers Anskaffelse udredes af Stedets særlige Fond, men dersom den ikke strækker til, af Repskassen, ogsaa der hvor Handelsstedet ikke udgør en egen Kommune.

§ 8.

Overtrædelser af Vedtægter i Henhold til denne Lov behandles som offentlige Politisager, og skal de af Bygningskommissionens Formand ufortøvet indberettes til Politimesteren.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*